

Niðurstöður aðalfundar Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., 23. maí 2024

Aðalfundur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf., var haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík, hinn 23. maí 2024, kl. 16:00.

Niðurstöður fundarins voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur (dagskrárliður 2).

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár var lagður fram og samþykktur.

2. Kjör stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 3).

Á fundinum var stjórn félagsins sjálfkjörin.

Stjórnin er þannig skipuð:

- Bogi Þór Siguroddsson
- Gerður Huld Arinbjarnardóttir
- Magnús Árnason
- Rannveig Eir Einarsdóttir
- Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Stjórnin hefur skipt með sér verkum og er Bogi Þór Siguroddsson formaður stjórnar og Magnús Árnason varaformaður stjórnar.

PricewaterhouseCoopers ehf. var endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.

3. Meðferð hagnaðar félagsins á liðnu starfsári (dagskrárliður 4).

Samþykkt var eftirfarandi tillaga stjórnar um útgreiðslu arðs vegna síðasta starfsárs:

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins hinn 23. maí 2024 að greiddur verði út arður til hluthafa vegna síðasta reikningsárs sem nemur kr. 0,5 á hvern útistandandi hlut, þ.e. aðra hluti en eigin hluti. Þannig nemi heildararðgreiðslan um 1,4 milljörðum króna.

Verði tillagan samþykkt verði arðsréttindadagur hinn 27. maí 2024, þannig að hluthafar tilgreindir í hlutaskrá félagsins í lok þess dags eigi tilkall til arðsúthlutunar. Arðleysisdagur, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna síðasta reikningsárs, verði 24. maí 2024, næsta viðskiptadag eftir aðalfund. Útborgunardagur verði 7. júní 2024.

4. Greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu (dagskrárliður 5).

Samþykkt var tillaga stjórnar um eftirfarandi greiðslur til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra á starfsárinu:

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 415.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 830.000 og varaformanns kr. 550.500.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 100.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 200.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 60.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, formaður starfskjaranefndar fái kr. 90.000 á mánuði, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar (ef við á) fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

5. Starfskjarastefna félagsins (dagskrárliður 6).

Starfskjarastefna félagsins var samþykkt með breytingum.

Hina breyttu starfskjarastefnu má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

6. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins (dagskrárliður 7).

Margret G. Flóvenz var endurkjörin í endurskoðunarnefnd félagsins.

Fundargerð aðalfundarins verður gerð aðgengileg á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.